

Guðbjörn Gústafsson er 19 ára nemi í rafvirkjun í Iðnskólanum í Reykjavík. Guðbjörn er einnig formaður myndbandaklúbbs skólans. Hann er bogmaður og á föstu.

Hvað gerir myndbandaklúbburinn? „Hann sér um að taka myndir úr félagslífi skólans og gera stuttmyndir til dæmis."

Hvað borðarðu í morgunmat? „Ég hef sjaldnast tíma til að borða morgunmat."

Kanntu að elda? „Ég kann að elda það mikið að ég myndi lifa það af ef ég þyrfti að elda ofan í mig sjálfur."

Hvar myndirðu helst vilja búa ef þú ættir þess ekki kost að búa á Íslandi? „Ég hef aldrei komið út fyrir landsteinana og hef því ekki hugmynd um það."

Hvernig stelpur eru mest kynæsandi? „Ekki allt of mikið málaðar."

Ertu daðrari? „Nei."

Hvað er þér verst við? „Þegar það er mjög kalt úti og springur á bílnum mínum, þá verð ég mjög slæmur."

Ef þú ynnir milljón í happdrætti hvað myndirðu gera? „Kaupa mér bíl til að byrja með."

Hvernig bíl langar þig í? „Mig langar í bíl sem er þannig að hurðirnar frjósa ekki fastar á veturna. Ég á Skoda og hann er svolítið slæmur að þessu leyti."

Gætirðu hugsað þér að reykja hass? „Nei."

Hefurðu áhuga á stjórnmálum? „Nei, ég hef engan áhuga á þeim."

Ef ég gæfi þér fyrir fegrunaraðgerð hvað myndirðu láta laga? „Ég þyrfti að hugsa það vel og lengi, en enn sem komið er er ég þokkalega sáttur við mig."

Áttu þér eitthvert mottó í lífinu? „Að passa mig á að verða ekki bensínlaus."

ATVINNULAUSIR VARAMENN OG HOR

Við spilum þá tónlist sem okkur finnst skemmtileg. Þetta er einfalt rokk og ról en við reynum að sneiða framhjá öllum klisjum." — Hér mælir *Bjarki Kaikumo*, söngvari þeirrar stórgóðu sveitar Lipstick lovers (málvöndunarstefna PRESSUNNAR felur í sér að við reynum að gefa íslenskar skýringar á öllum erlendum orðum en í þessu tilfelli ætlum við að sleppa því. Einfaldlega vegna þess að íslenska þýðingin væri eins og nafn á einhverri kynlífs-fóbíu og svoleiðis lagað á heima á öðrum stað í blaðinu), sem allt í einu hefur stokkið alsköpuð fram á sjónarsviðið.

Sjálfsagt hafa margir séð myndband Lipstick lovers með laginu Ain´t got no job í sjónvarpinu. Hreint ágætt lag og þeir sem hafa haldið að þar væru einhver erlend poppstirni á ferð skulu hér með leiddir af villu síns vegar. Nú nú, þeir varamenn (-þetta band átti náttúrlega að heita Varamenn) eru fleiri en bara Bjarki. Þeir eru líka *Toni* gítarleikari, *Heimir* bassaleikari og trymbillinn *Ragnar Ingi*.

Bjarki segir að þetta hafi allt saman verið í bígerð í ein tvö ár og þeir ætla sér stóra hluti strákarnir. „-Þetta er spurning um að vera annaðhvort meðalmenn eða eitthvað meira," segir Bjarki og lætur á sér skilja að meðalmennska komi ekki til mála. Þann 10. apríl spila þeir í félagsmiðstöðinni Bóli í Mosfellsbæ, 14. verða þeir í Fellahelli og 15. á Blúsbarnum. Og við fullyrðum að enginn verður fyrir vonbrigðum.

Að síðustu lífsspeki Lipstick lovers: Það fer ekki eftir því hvernig maður borar í nefið heldur hvar maður þurrkar horinn!



Ragnar Ingi, Bjarki, Heimir og Toni semja allir sína tónlist saman, og eru staðráðnir í að meika það.

INGA ELÍN SÝNIR Í LONDON

„Ég var á ferðalagi í London og fór með möppu með myndum til Jakobs Magnússonar. Honum leist svo vel á að hann vildi endilega halda einkasýningu," segir *Inga Elín Kristinsdóttir* listakona.

Inga Elín opnaði einkasýningu í Gallery Oriel í London þann 21. mars. Þar sýnir hún einkum glermyndir sem hún hefur unnið á síðustu tveimur árum. Sýningin verður opin til 30. apríl og því kjörið fyrir alla sem eru á leiðinni til London á næstu dögum að kíkja inn og skoða.

Aðferðina sem Inga Elín notar við listsköpun hefur hún sjálf þróað. Eðlilega er aðferðin leyndarmál en galdurinn felst að minnsta kosti að einhverju leyti í mótunum sem hún býr til.

Margar myndir hennar eru veggmyndir, en er þetta ekki dýrara og erfiðara en að vinna málverk á hefðbundinn hátt, ef svo má segja? „Þetta er tímafrekt og mikið nostur í kringum þetta og maður er alltaf að prófa þetta og prófa hitt, en þetta er mjög skemmtilegt. Og þegar maður er að prófa og gera tilraunir þá veit maður aldrei almennilega hvað kemur úr ofnunum," svarar Inga Elín.





My way, með mínu lagi, eftir mínu höfði, og með mínu nefi.

ÉG OG KOLLEGA MINN FRANK SINATRA


Æði. Ósköp pent og sakleysislegt orð sem þó stendur fyrir mikið. Einhvers konar æði grípur Íslendinga reglulega og það æði sem nú virðist vera í gangi er upprunalega frá Japan og gengur undir nafninu karaoke. Karaoke er maskína sem spilar alla tónlist sem nöfnum tjáir að nefna, en karaoke-vélin syngur ekki. Og það er víst það sem er svo sniðugt við þetta fyrirbæri; það syngur ekki. Því gefst fólki kostur á að spreyta sig við söng og getur fetað í fótspor helstu söngstjarna heimsins.

Um nokkurt skeið hefur gestum Nillabars í Hafnarfirði, Ölvers, A. Hansen og sjálfsagt fleiri staða gefist kostur á að troða upp með aðstoð maskínunnar. Mikið vinsælt og mikið sungið.

Nú hafa Tveir vinir bæst í hóp þeirra staða sem eru með karaoke og í kvöld verður tækið vígt með pomp og pragt. *Jónas Sigurjónsson*, framkvæmdastjóri vinanna, segir að þeirra tæki sé hreint stórkostlegt og hljómburður allur mjög góður. Auk þess gefst þeim sem vilja tækifæri á að láta taka söng sinn upp á kassettu og það sem meira er; þeir geta líka keypt myndbandsspólu með sjálfum sér og skoðað tilburði sína um aldur og ævi.

Jónas segir að áfram verði boðið upp á lifandi tónlist fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld en önnur kvöld verði karaoketækið í gangi. Syngjum með.

Drauma DINNER



Margrét Kristín Blöndal, söngkona Risaeðlunnar

PRESSAN bað Möggu Stínu að velja gesti í draumakvöldverðinn og taldi hún ekki nauðsynlegt að útlista nánar kosti einstakra gesta. Það gæfi augaleið af hverju hún kysi að bjóða eftirfarandi einstaklingum:

Óttar Proppé

William Shatner

Björn Blöndal

Sigurjón Kjartansson

því ég veit að hann hefur svo gaman af svona löguðu

Margrét Ragnarsdóttir

og

Björn Jörundur Friðbjörnsson

Nancy Sinatra

Ívar Ragnarsson

Leonard Nemoy

Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson

Það var ósk Möggu Stínu að hver og einn á listanum byði hinum þúsundunum sem hún vildi svo gjarnan borða með.



Það er nú alveg dæmigert að þeir skuli ætla að fara að bjóða út framleiðsluna á brennivíninu einmitt núna. Það eru ekki nema fimm ár síðan þeir tóku af mér brugggræjurnar. Þeir hafa sjálfsagt beðið þennan tíma til að vera öruggir um að ég væri búinn að gleyma galdrinum. Og einmitt þá, já einmitt nú, bjóða þeir draslið út. Sjálfsagt til að kolkrabbinn geti boðið í það. Er þetta ekki dæmigert fyrir hvert ríkisstjórnin er að fara með þjóðina? Beint í fangið á kolkrabbanum.

KLASSÍKIN

● **Sinfóníutónleikar.** Það er Orkneyingurinn Sir Peter Maxwell Davies, einhver nafntogaðasti tónsmiður og hljómsveitarstjóri Breta, sem ræður ferðinni þetta kvöld. Hann stjórnar flutningi á tveimur verkum sínum, Trompetkonsert og því fjörlega Brúðkaupi á Orkneyjum (með sólarupprás). Að auki verða leikin tvö af þokkafyllstu verkum Mozarts, forleikurinn að Brúðkaupi Fígarós og Sinfónía nr. 40. Einleikari er sænski trompetistinn Håkan Hardeberger, en líka Skotinn George MacIlwham. Sá kann víst að spila á sekkjapípu. *Háskólabíó fim. kl. 20.*

● **Sinfóníuhljómsveit æskunnar.** Framlag Pauls Zukofsky til tónlistaruppeldis á Íslandi er löngu orðið ómetanlegt. Og hann heldur áfram að lyfta grettistökum, svolítið utan alfaraleiðar, með unglingunum í Sinfóníuhljómsveit æskunnar. Þeir sem í henni hafa heyrt vita að það er hreint ótrúlegt hversu góðum árangri hljómsveitin nær í glímunni við sum erfiðustu verk tónbókmenntanna. Hér verður leikin Sinfónía nr. 6 eftir Anton Bruckner. *Háskólabíó sun. kl. 14.*

● **Jóhannesarpassían.** Í fréttatilkynningu segir að búið sé að „ráðstafa" öllum miðunum á tónleikana í Skálholtskirkju þegar Mótettukórinn flytur Jóhannesarpassíuna í fyrra skiptið. Það er vitaskuld bagalegt, en enn munu þó til miðar á síðari tónleikana í Hallgrímskirkju. Þarf að hafa mörg orð um verkið? Þetta er guðdómleg tónlist, háleit, göfgandi og voða páskaleg. Það er alkunna hvað kórinn syngur vel. *Hallgrímskirkja mán. kl. 20.*

MYNDLIST

● **Rúrí.** „Listin er heimspeki. Án huglægs inntaks er ekki um listaverk að ræða, heldur hönnun," sagði Rúrí á málþingi um daginn. Einu sinni hafði þjóðin dálítið gaman af því að heykslast á verkunum hennar Rúríar. Nú hneykslast varla neinn lengur, og yfirleitt ekki yfir einu eða neinu; en snjallar hugmyndir skipa Rúrí í fámennan flokk íslenskra heimskúnstnera. Hún sýnir á Kjarvalsstöðum verk unnin í blý og timbur, en líka grafíkmyndir.

● **Jóhannes Jóhannesson.** Ef Jóhannes væri íþróttamaður væri hann kallaður „gamla kempan". Hann hefur verið lengi að, meðal annars í samfloti með Septem-listamönnunum, og lengstum haldið trúnaði við afstraktið. Jóhannes opnar sýningu í Gallerí Borg á fimmtudag; það telst alltaf til tíðinda þegar menn af hans kalíberi sýna.


ÓKEYPIS

•**Menningarstofnun Bandaríkjanna.** Menningarstofnunin er ekki útibú frá CIA, að minnsta kosti ekki svo vitað sé. Ýmsir munu náttúrlega ekki stíga þar inn fæti vegna stjórnmálaskoðana, en fyrir þá sem eru ekki svo stífir á meiningunni er ágætlega huggulegt að skreppa þangað inn af Laugaveginum og fletta amerískum tímaritum eða bókum. Flesta daga eru líka hreyfimyndasýningar á stórum skermi; fyrst fréttamyndir og fræðsluefni frá gervihnettinum World Net, en síðan bíómyndir og þættir af myndbandi. Á fimmtudag er það upptaka með tríói djassistans Herbie Hancock, en á föstudag Lengstur dagur, stórmynd um innrásina í Normandí á d-degi. Þar getur að líta stjörnuflóð, til dæmis John Wayne, Richard Burton, Henry Fonda, Robert Mitchum og Rod Steiger.

PLATAN

BRUCE SPRINGSTEEN HUMAN TOUCH & LUCKY TOWN

Bruce er búinn að taka tímann sinn við þessar plötur. Aðdáendur hafa elst um fimm ár og varla margir nýir bæst við! Hér eru ekki miklar breytingar og þó — rokkararnir eru einfaldari og rólegu lögin jafnvel betri. Við fyrstu hlustun leist mér ekkert á en síðan síaðist hvert lagið á eftir öðru inn. Fyrst rólegu lögin Cross My Heart, Pony Boy og My Beautiful Reward og síðan rokkararnir Better Days og titillögin tvö. Góðar plötur sem hefðu kannski átt að vera betri, en það er ekkert við því að gera. HT fær 7 af 10 og LT fær 9 af 10.



ÞUNGA GÁTAN

LÁRÉTT: 1 hugaður **6** lúðu **11** kisa **12** skír **13** þverskáru **15** ger **17** deila **18** skömm **20** þjóta **21** eirir **23** leir **24** kúgað **25** kramin **27** grunaði **28** múkkinn **29** þrek **32** bor **36** bleyta **37** liðamót **39** rænu **40** rödd **41** verur **43** tíndi **44** hringla **46** náhent **48** gripu **49** karldýr **50** ásjóna **51** sigraður

LÓÐRÉTT: 1 duglegum **2** segl **3** snæfok **4** grafa **5** rupla **6** glyrna **7** svið **8** hlaup **9** magnlaus **10** hljóðaði **14** lesa **16** gleði **19** sortulyngsber **22** slíta **24** hlýjar **26** gagnleg **27** ofn **29** masa **30** dans **31** vandræði **33** kuldi **34** stétt **35** grindin **37** datt **38** hryðjunni **41** bjálki **42** skelin **45** tunga **47** grip